

Stefndur hefur eigi véfengt, að bótakrafa stefnanda sé rétt talin.

Ber því að taka dómkröfu stefnanda til greina. Eftir atvikum virðist rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 300 kr. í málskostnað.

Þess skal getið, að síðan mál þetta var tekið til dóms, hefur dómarrinn farið tvær vikufærðir til Reykjavíkur í erindum héraðsins, og hefur því dómur eigi verið fyrr uppkveðinn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur í máli þessu, h/f Grímur í Borgarnesi, greiði stefnandanum, Ólafi Sigurðssyni verkamanni í Borgarnesi, 5430.00 — fimm þúsund fjögur hundruð og þrjátíu — krónur með 5% ársvöxtum frá $\frac{1}{11}$ 1942 að telja til greiðsludags. Þá afhendi stefndur stefnandanum endurgjaldslaust 2 — tvö — hlutabréf í h/f Grímur, hvort að nafnverði 1000 — eitt þúsund — krónur með arðmiðum frá stofnun félagsins, eða jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Loks greiði stefndur stefnandanum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum á að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1945.

Nr. 20/1945. Réttvísinn (Magnús Thorlacius)

gegn

Björgólfi Sigurðssyni. (Garðar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brenna.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að samkvæmt skýrslu lögreglumanna virðist aðeins annar skúr ákærða, þ. e. íbúðarskúrin, hafa brunnið.

Ákærði virðist hafa verið haldinn þunglyndi og með sjúklegum áhrifum áfengis, er hann framdi brot sitt. Ekki verður fullyrt, að honum hafi fyrir fram verið það ljóst, að áfengisneyzla hans mundi trufla svo geðsmuni hans sem hér varð raun á, og þykir því rétt að ákveða refsinguna með hliðsjón af 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar þessa er gætt og hins vegar litið til undanfarandi hegðunar ákærða, telst refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björgólfur Sigurðsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Magnúsar Thorlacius og Garðars Þorsteinssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. desember 1944.

Ár 1944, þriðjudaginn 19. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2630/1944: Réttvisin gegn Björgólfi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Björgólfi Sigurðssyni vélstjóra, til heimilis í Selsvör hér í bænum, fyrir brot gegn XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. apríl 1907, og hefur sætt þessum kærnum og refsingum:

Í Reykjavík:

- 1939 $2\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.
- 1940 $2\frac{2}{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 $2\frac{1}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og 15 kr. skaðabætur fyrir skemmdir í varðhaldsklefa.
- 1943 $\frac{8}{10}$ Sátt, 300 kr. sekt fyrir viðskipti við setuliðsmenn.
- 1943 $2\frac{2}{10}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 247. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr. hegningarlaganna og 1. gr. laga nr. 13 1941.

1944 % Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1944 2% Sátt, 50 kr. sekt og 40 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.

Í Þingeyjarsýslu:

1935 1% Dómur, 500 kr. sekt og 8 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 33 1935.

Á síðastliðnu vori byggði ákærður sér tvo áfasta timburskúra við Selsvör. Báðir voru þeir klæddir innan með trétexi. Sá skúrinn, sem ákærður notaði til íbúðar, var pappaklæddur, en hinn, sem notaður var sem smíðavinnustofa, var óklæddur. Laugardaginn 28. október s. l. átti ákærður enn báða skúrana, og var dót hans í íbúðarskúrnunum, en ýmiss konar húsgagnaeefni í báðum skúrunum. Meðan verið var að reisa íbúðarskúrinn, eða nánar tiltekið á tímabilinu 21. ágúst til 21. október 1944, var hann vátryggður í Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 15000.00. Eftir þetta tímabil var skúrinn óvátryggður, og hinn 28. október s. l. voru báðir skúrarnir og allar eigur ákærðs, sem í þeim voru, óvátryggðar, og var ákærðum það ljóst. Skúrarnir höfðu aldrei verið metnir til verðs, og er því óvist, hvers virði þeir voru, og enn fremur óvist, hvers virði lausafé ákærðs í þeim var. Ákærður hefur gízkað á, að skúrarnir með öllu, sem í þeim var, hafi þenna dag verið um 70 þúsund króna virði, en óvist er, hvort sú ágizkun er á rökum reist. Í skúrunum var hvorki raflögn né vatnsleiðsla.

Eins og uppdrátturinn, lögregluréttarskjal nr. 4, sýnir, voru skúrar þessir frammi á sjávarbakka, vestastir í timburskúraklasa. Sambyggður þeim var einn skúr, en milli hans og næsta skúrs fyrir austan var örmjótt sund með timburbraki og járnrusli. Austan þessa sunds voru fjórir skúrar sambyggðir. Sá austasti var íbúðarskúr, en hinir bilskúrar. Frá suðausturhorni austasta skúrsins var mjög skammt að bátaklasa, sem náði svo að segja fast að öðrum timburskúraklasa, og var einn þeirra skúra notaður til íbúðar. Laugardaginn 28. október s. l. vann ákærður að legubekkjasmíði heima hjá sér með Hermanní Gunnarssyni, Hringbraut 209, 17 ára pilti. Þegar leið á daginn, fór Hermann heim til sín, en ákærður tók að neyta áfengis. Klukkan að ganga sex um daginn kom ákærður heim til Hermanns og dvaldist þar til klukkan rúmlega sex. Þá var ákærður orðinn mjög ölvaður, sagðist vera orðinn leiður á lifinu og talaði um að fyrirfara sér. Þegar ákærður fór heiman að frá Hermanní, gekk Hermann með honum beint heim til ákærðs og inn í íveruskúrinn. Þar tók ákærður 4 lítra oliubrúsa og skvetti úr honum olíu um herbergið, meðal annars í rúmföt sín. Kveikti hann síðan með eldspýtu í teppinu í rúminu og sagðist ætla að brenna sig inni. Hermann ætlaði strax að slökkva eldinn, er ákærður hafði kveikt, en ákærður aftraði honum þess. Lokaði þá Hermann skúrnum og sagði ákærðum,

að bezt væri að lofa honum að brenna inni, en þá varð ákærður hræddur og hljóp út. Hermann greip þá rúmföt ákærðs, sem voru töluvert brunnin, og fór með þau út og slökkti í þeim. Nokkur eldur var og kominn í þilið fyrir ofan rúmið og svartan frakka, sem þar hékk, en Hermann slökkti einnig í þessu hvorutveggja. Enga aðstoð veitti ákærður Hermannni við að slökkva. Ekkert vatn var í skúrnum, og kæfði Hermann eldinn inni með því að traðka á honum og með teppi. Hermann taldi sig slökkva þarna allan eld, en aðgætti þó ekki áður en hann yfirgaf skúrinn, hvort nokkurs staðar leyndist neisti í honum. Að þessu afstöðnu fóru Hermann og ákærður frá skúrnum, og virtist Hermannni nokkuð renna af ákærðum við hræðsluna, er greip hann, þegar Hermann hótaði honum að loka hann inni, eftir að ákærður hafði kveikt í. Þeir urðu samferða upp á Framnesveg, en skildu þar, og fór Hermann heim til sín, en ákærður niður í bæinn.

Frá þessu og fram að bruna skúranna er ákærður að heita má einn til frásagnar um feril sinn, og þar sem ákærður var á þessum tíma mjög ölvaður, ber að taka skýrslu hans um það, sem á þessum tíma gerðist með varúð. Atburðalýsing sú, er rakin hefur verið, er aðallega samkvæmt skýrslu Hermanns, er ákærður kveðst muna, að sé rétt.

Ákærður kveðst eftir að hann skildi við Hermann, hafa farið niður í bæ til að fá sér kaffi eða aðra hressingu, en sér hafi verið neitað um afgreiðslu á veitingastofu, er hann fór inn í. Síðan urðu á vegi hans nokkrir piltar, og í viðskiptum við þá fékk hann högg á hægri gagnaugað. Síðan fór hann heim til Hermanns, en dvaldist þar mjög skamma stund. Er þetta staðfest af Hermannni, sem segir ákærðan í þetta sinn hafa haft orð á, að nú mundi allt vera brunnið heima hjá sér. Eftir þetta minnir ákærðan, að hann gengi heim í skúr sinn og inn í hann. Var skúrinn þá fullur af reyki, en er ákærður opnaði skúrinn, svifaði reyknun frá, en eldur, sem þá var í legubekk ákærðs og í vegg við olíuvél, sem hann segir þá hafa lifað á, ætist svo mjög, að ákærðum var ekki vært inni. Þreif hann þá nokkuð af fötum sínum og fór út með þau og setti þau undir bát, þar sem þau síðan fundust. Er það álit ákærðs, að eldur eftir íkveikju sína hafi leynzt í legubekknunum, þó að Hermann teldi sig hafa slökkt í honum, og hafi sá eldur síðan magnast. Þegar ákærður hafði komið fótunum fyrir, ætlaði hann að brunaboða og kalla slökkviliðið, en hann fann ekki brunaboða, og meðan hann leitaði hans, kom slökkviliðið, og slökkti það eldinu, eftir að skúrar ákærðs voru að mestu brunnir og það sem í þeim var. Skýrsla ákærðs um feril sinn, eftir að hann skildi við Hermann á Framnesvegi, er að vísu óábyggileg, þar sem hann var mjög ölvaður og einn síns liðs, en ekki virðist hún ósennileg. Undir rannsókn málsins var dr. med. Helga Tómassyni yfirlækni

falið að rannsaka geðheilbrigði ákærðs. Álit yfirlæknisins á ákærðum er þetta: „Maðurinn er alkoholisti, sem a. m. k. í þetta skiptið reageraði áberandi sjúklega í fyllirii. Fyrir manninn er ekkert læknislega að gera, nema banna honum algerlega að bragða nokkurn drykk, sem áfengi er í, því hann gæti, hve nær sem væri, fundið upp á að reagera á svipaðan hátt, en með enn alvarlegri afleiðingum fyrir sjálfan hann og aðra.“

Þar sem skúrar ákærðs og lausafé hans í þeim var allt óvátryggt og enginn auðgunartilgangur lá því til grundvallar íkveikjunni, hefur ákærður ekki með henni gerzt brotlegur við XXVI. kafla hegningarlaganna, og ber því að sýkna hann af ákærinni að þessu leyti.

Víst má telja, að skúraklasi sá, er skúrar ákærðs voru í, hefði brunnið, ef slökkviliðsráðstafanir hefðu eigi verið gerðar, og jafnvel þó að austlægur vindur, fremur hægur, væri á, var hætta á, að hefði allur þessi skúraklasi brunnið, hefði eldur getað læstst í bátana og þaðan í hinn skúraklasann. Þar sem hætta var á þessum afleiðingum íkveikjunnar, ber að heimfæra verknað ákærðs undir 164. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með tilliti til allra aðstæðna, sérstaklega þess, að ákærður hefur beðið mjög tilfinnanlegt tjón af brunanum, þykir refsing hans hæfilega ákveðin lágmarksrefsing samkvæmt nefndri grein, fangelsi í 6 mánuði.

Ákærður sat í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins dagana 29. október til 3. f. m., eða 5 daga alls. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að gæzluvarðhald komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Þar sem ákærður var undir áfengisáhrifum, er hann framdi brotið, og með tilliti til framangreinds álits dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis þykir rétt samkvæmt 64. gr. almennra hegningarlaga að leggja fyrir ákærðan, að hann hvorki kaupi né neyti áfengis um 5 ára skeið frá því hann hefur lokið úttekt refsingarinnar. Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga ber að svipta ákærðan frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörngengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Garðars Þorsteinssonar, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Björgólfur Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Gæzluvarðhald hans komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærðum skal óheimilt að kaupa eða neyta áfengis í 5 ár frá því úttekt refsingarinnar er lokið.

Ákærður skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Garðars Þorsteinsonar, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. maí 1945.

Nr. 85/1944. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Firmanu Ó. Jóhannesson

(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason, borgarfégeti Kristján Kristjánsson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ákvörðun skatta til ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. júní 1944, krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 157789.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1942 til greiðsludags, en til vara kr. 62288.65 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 55423.55 frá 1. janúar 1937 til 1. maí 1942 og af kr. 62288.65 frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar, en til vara, að sér verði dæmt að greiða áfrýjanda kr. 49998.30 og til þrautavara kr. 96418.60. Hann mótmælir, að sér verði dæmt að greiða vexti frá fyrri tíma en stefnudegi 26. maí 1943. Loks